

MORGUNGEISLAR

Towards the stars — at last.

I

Vér lifum á tímamótum, meiri en verið hafa áður í sögu mannkynsins. Mennirnir hafa verið á leið hinnar vaxandi þjáningar. En nú er farið að líða að því, að skipt verði um, og hin góða leið tekin. Er við því að búast, að þeir, sem langþjáðir eru orðnir og vita að á enn verra væri þó von, ef ekki yrði breytt stefnunni, skyggnist nú um mjög eftir því, sem boðað gæti batann. *En þar er fróðlegast það, sem ritað er um lífið eftir dauðann.* Þar hefir verið svartasta þokusvæði mannlegrar vanþekkingar, og ef þar birtir til, þá má treysta því, að umskiptin til hins góða eru mjög nálæg orðin.

The Twentieth Plane (20. tilverustigið) heitir sú bók, sem ég hugði gott til að sjá. Ástæðan var sú, að ég sá, að höfundur bókar þessarar, sem segir frá sambandi við framliðna, væri í stjörnufræðifélagi. Mátti af því ráða, að þessi maður, dr. A. D. Watson, sem er annars læknir og skáld, mundi hafa nokkurn áhuga á stjörnufræði, og gerði ég mér því von um, að ef til vill kynni hinum framliðnu að hafa tekist að koma fram þeim sannleika, sem helst veldur umskiptum að vita. Í tölu þeirra, sem þátt óku í miðilfundum þessum, sem bókin segir af, var dr. Abbott próf. í heimspeki við hinn merka háskóla í Toronto, þar sem Sir Ernest Rutherford, hinn mikli eðlisfræðingur, var einu sinni kennari.

Vonir þær, sem stjörnufræðiáhugi dr. Watson's hafði vakið hjá mér, brugðust. — Í bókinni er hvergi tekinn fram þessi höfuðsannleikur, að menn lifa eftir dauðann áfram, á annarri stjörnu. En þó er í þessari bók mikið af merkilegum fróðleik, sem að vísu greinilega sýnir, að það er ekki í neinum yfirnáttúrulegum andaheimi, sem lifað er eftir dauðann,

heldur einmitt á annarri stjörnu. Ég hefi gert dálitla tilraun til að vekja athygli dr. Watson's og próf. Abbotts á þessu, og geri mér vonir um nokkurn árangur.

II

Fólkisem tók þátt í tilraunafundum þeim, sem bókin er um, virðist helst hafa haft þá skoðun, að framliðnir hafist við á einhverjum óskiljanlegum sviðum (spheres, planes) nokkur hundruð mílur úti í geimnum. En upplýsingarnar, sem hinir framliðnu gefa þessu fólkum sig og sína hagi, koma alveg stórkostlega í bága við þá skoðun. Og þetta er meir en lítið eftirtektarvert. Hinir framliðnu segja, að þeir séu gerðir af föstu efni (we are made of solid substance, s. 280). Og ennfreymur, að efnið á þessu sviði (astral substance), sé efni (matter) á ennþá hærra stigi, en efnið á jörðu hér (intensified matter, s. 283). Og í fullu samræmi við þetta, fáum vér lýsingar á landslagi, alveg eins og mætti búast við, ef verið væri að lýsa einhverri jarðstjörnu, en ekki neinu yfirnáttúrlegu tilverusviði úti í geimnum. Það er talað um friðsæla dali og klettótt fjöll, ár og fossa, vötn og víkur (s. 52), um blómagarða, fugla, sem syngja fugur en fuglar hér á jörðu, og jafnvel um hesta. Og lýsingin á íbúum þessa 20. tilverusviðs, er alveg eftir þessu. Þeir sofa og nærast. Þeir hafa fosfórsambond, og efnafræðingar þeirra kunna að búa til feiti. Þeir tala um fagra og stórkostlega höll, þar sem þeir hlýða á organsöng og fræðandi ræður, og þeir lýsa útiskóla fyrir börn. Fyrst er börnunum kennt, hvernig þau eigi að bera sig og ganga, en þar næst var fræðsla um öndunina.

Tilraunamenn eru ekki hvattir til að leita sambands við framliðna ættingja, en þeim er sagt, að tilgangurinn með þessu sambandi sem þarna hafi orðið, sé, að koma yfirum til þeirra ákveðnum sannindum (we have a definite truth to get across to you). Og það er kvartað um, að þeir geti ekki, sakir vontunar hjá miðlinum, komið fram öllu því, sem þeir vilja fræða um. Hinum framliðnu hefir ekki tekist að koma því í gegn, að það var miklu fremur fundarmönnum að kenna en miðlinum, að þeir gátu ekki komið fram fróðlegri

fréttum af lífinu eftir dauðann (stillilögmaðið, law of determinants).

III

Um það þarf varla að vera í vafa, hver þau sannindi eru, sem „öndunum“ var svo mikill hugur á að koma yfrum til þeirra Watson's. Þeir höfðu ætlað sér að koma fram þessum höfuðfróðleik, að heimkynni framliðinna eru á öðrum stjörnum. En í bókinni Towards the stars (Áleiðis að stjörnum), eftir H. Dennis Bradley, mann af írskum ættum, sem er að verða einn af frægustu rithöfundum hins enska heims, hefir þetta loksins tekist. Loksins er það beinlínis sagt, að framhald lífsins er á öðrum stjörnum. Bók þessi er einhver merkasti fyrirboði aldaskiptanna, sann-nefndur morgungeisli. Og það var ekki til málalenginga, sem ég gat um ætterni höfundarins. Á Írlandi er mikið af góðum, norskum ættum, og því hefir fyrir löngu spáð verið, að ljósið mundi koma frá Norðurlöndum: e septentrione lux.

IV

Á miðilfundum voru með höfundinum ýmsir mjög merkir menn, og er þar Marconi frægastur; reyndust stilliáhrif hins mikla rafmagnsverkfraðings mjög þýðingarmikil, eins og síðar mun sagt verða.

Framliðinn vinur Bradleys, sem hann nefnir W. A., sagði honum margt merkilegt. Kemur í orðum hans mjög greinilega fram, að það er líf á annarri stjörnu, sem hann er að lýsa, þó að aldrei væri honum unnt að taka það beinlínis fram. Andaheimurinn er ekki dularfullur, segir hann, heldur alveg náttúrlegur. Það (að deyja) er einungis eins og að fara úr einu herbergi í annað. En þar er ekki ólíklegt að hann mundi hafa viljað bæta við orðum eins og „að þrautunum slepptum.“ Hann biður að segja vinum og frændum, að nú geti hann hlaupið. Hann hafði ekki þolað líkamlega áreynslu sakir hjartabilunar, en Bradley segir, að það virðist vera honum sérstaklega mikið ánægjuefni, að hann þolir nú allar líkamsæfingar. Hann hafði verið óánægður yfir því, að

hárið á honum stóð upp; og nú segir hann að það fari vel. Skepnur minnist hann á, og jarðvegur er þar, sem hann getur tekið og náið á milli handanna. Það er því greinilegt, að það er ekki andi eða andaheimur, sem verið er að lýsa. W. A. segir, að í náinni framtíð muni jarðarbúar öðlast þekkingu langt fram yfir það sem þeim hefir nokkurntíma til hugar komið.

Annar framliðinn, sem kallar sig dr. Barnett, og kveðst vera læknir, og hafa dáið árið 1851, segir, „að á næstu árum muni andasamband (spirit communication) steypast eins og stór bylgja yfir alla jörðina, og allstaðar muni verða viðurkennt, að það á sér stað.“ Pegar Bradley spyr, hvort þetta muni verða á þessari öld eða næsta áratug, þá segir Barnett, að það muni verða 1925 eða 1926. Á fundi, þar sem Marconi er viðstaddir, kemst dr. Barnett nokkuð öðruvísi að orði. Hann segir þá, að stórkostlegt framfarastökk í mannlegri þekkingu muni verða, líklega kringum 1926 eða 7. Bradley spyr þá, hvort í náinni framtíð muni fást samband við líkamlegar verur á öðrum stjörnum. Spurning þessi er mjög eftirtektarverð, og bendir til þess, að hverju framfarir þær muni lúta, sem dr. Barnett var að segja fyrir; en hann svarar spurningunni á þá leið, að þesskonar samband muni komast á innan skamms. Þessi spádómur dr. Barnetts um afarstórkostlegan þekkingarauka, þykir mér mjög mikilsverður, og þakka ég það stillisáhrifum Marconis, að boðskapurinn fær þessa mynd; en áður hafði dr. Barnett sagt, að spíritisminn mundi fara sigurför um alla jörð, og mun hvortveggja spáin eiga við hið sama. En ekki mun sú spá rætast, að spíritisminn muni sigra um alla jörð, því að þegar menn vita, að framliðnir lifa áfram líkamlegu lífi, og eiga heima á öðrum stjörnum, þá er ekki um spíritisma að ræða framar.

V

Sérstaklega fróðlegur er í þessari bók, *Towards the Stars*, kafli, sem segir frá Gyðingi, er kveðst hafa verið uppi fyrir 2000 árum, og heitið Jóhannes. Boðskapur hans fæst með skrift, og kvartar hann yfir því, að til hálfss sé það sem skrif-

að er, hugsanir viðtakenda sjálfra, en aðeins helmingurinn frá honum. Vér verðum því að gefa sérstakar gætur að þeim hluta boðskaparins, sem er fjarskyldastur hugsunum viðtakenda. Jóhannes segir (s. 299) að mjög skammt sé að bíða þeirrar uppgötvunar, að hugsunin veki ölduhreyfingu, (ég verð að orða þetta sem næst því, er í bókinni stendur, en ekki á þann hátt, sem mér mundi sjálfum þykja heppilegra), og að sú uppgötvun muni skapa nýja útsýn. Kemur þetta vel heim við spádóm dr. Barnetts um sambandið milli stjarnanna, því að það er einungis með huggeislun (lífgeislun), sem slíkt samband getur orðið. Rafgeislinn og ljósgeislinn duga ekki til sambands hnatta á milli, nema innan eins sólhverfis, og vér erum ekki svo andlega nærsýnir, að hugsa einungis um samband í einu sólhverfi. Þrátt fyrir örðugleika þann sem getið var um, á að koma fram því sem til er stefnt, tekst Jóhannesi að nefna stjörnurnar sem bústaði framliðinna. Þetta er það, sem gerir þessa bók að sann-nefndum morgungeisla í bókmenntum spítitismans.

Jóhannes segir Bradley frá því með berum orðum, að þegar hann deyi, muni hann fara til annarrar stjörnu (s. 253). En þegar hann ætlar að fara að útskýra þetta, þá blandast málin. Og náttúrulega er þetta ekki Jóhannesi að kenna, heldur viðtakanda. Sól og jarðstjörnu er blandað saman. Jóhannes talar um bláa stjörnu sem heimkynni Bradleys eftir dauðann, og virðist vera að reyna til að segja frá því, að hann verði á jörð, sem fer í kringum bláa eða bláleita sól, og má þar minnast þess, hvernig W. T. Stead, sem Bradley virðist ekki alveg ólíkur, er að reyna að segja frá því í bókinni *Blue Island* (*Bláa eyjan*), sem ég gat um í greininni Sigurnánd, að hann eigi heima á þesskonar jörð.

Mjög er það eftirtektarvert, að Jóhannes segir, að menn fæðist ekki aftur og aftur á þessari jörð. Og í því hefir hann rétt fyrir sér. Því að hin indverska kenning, að hver og einn lifi margssinnis hér á jörðu, og fæðist aftur og aftur (reincarnation), stafar af misskilningi. Og afarfróðlegt er það, að Jóhannes bætir þó við: í vissri merkingu á endurlíkaman sér þó náttúrulega stað: of course there is reincarnation in a

sense. Hvað það er, sem Jóhannes á við með þessum orðum, veit ég gjörla, og hér er einmitt um aðalatriði að ræða. *Allar hugmyndir um framhald lífsins eru botnlausar, meðan þekkingu á því atriði vantar.* Það, sem hinn hebreiski spekingur er að reyna til að segja þarna frá, er, að lífmagnið, sem hverfur frá hinum deyjandi líkama á þessari jarðstjörnu, skapar sér nýjan líkama, á lífaflsvæði (vital field of force) annarrar stjörnu. Lífið eftir dauðann er framvegis líkamlegt. Stjörnurnar eru sá jarðvegur, sem lífið vex í. Tilgangur lífsins er, að skapa fullkomlega fagra, sterka og vitandi líkami, úr hinum líflausu efnum stjarnanna. Þegar þessi sannleikur er þeginn, þá er komið á þann veg, sem liggur til eilífs lífs. En eilíft líf er, eins og gefur að skilja, ekki til, fyrr en menn hætta að deyja.

VI

Bradley biður Jóhannes að lýsa fyrir sér lífinu á öðrum tilverusviðum: the manner of life in other spheres. En árangurinn verður lítill, af því að Bradley skilur aldrei, þó að mikill gáfumaður sé, að Jóhannes er að reyna til að lýsa lífinu á öðrum stjörnum. Mjög fróðlegt er að sjá, hvernig Jóhannes gerir hverja tilraunina eftir aðra til að koma fram, gegn hinum ráðandi misskilningi, sannleikanum um the spheres, tilverusviðin á s. 250 segir hann: now the spheres are places: tilverusviðin eru staðir; s. 278: spheres er þið nefnið svo, eru staðir: spheres are localities. Setningin, sem kemur nokkru síðar, að spheres sjeu states of thought or imagination, þ.e. ekki annað en hugarástand, er í beinni mótsögn við það, sem Jóhannes segir annars um the spheres, og er auðvitað ekki frá honum, heldur frá viðtakanda; hún telst til þess helningsins, sem Jóhannes hafði sagt vera hugsanir viðtakanda sjálfs. S. 282 segir Jóhannes: „Þið talið öll um spheres okkar megin; það gerum við einnig, af því að við getum ekki fundið neitt annað orð.“ En hérna er sagt nokkuð annað en það, sem Jóhannes vildi sagt hafa, því að hann gæti auðvitað sagt stars, stjörnur, í staðinn fyrir spheres, ef hugarfari viðtakanda leyfði það. Og enn segir

Jóhannes, að spheres séu staðir. Þegar hann svo fer að lýsa lífinu þeirra megin, segir hann, að þar sé lifað líkt og hér á jörðu. Síðan kvartar hann þó aftur yfir erfiðleikum: I feel it very difficult to explain the actual life to you: mér finnst það mjög torvelt, að útskýra fyrir ykkur, hvernig er í raun og veru lifað hérna megin. Og vissulega eru þetta undarleg orð, þar sem hann hafði áður sagt, að lífið þar væri mjög líkt því sem er hér, og W. A. hafði sagt, að andaheimurinn væri ekki dularfullur, heldur alveg náttúrlegur. Það er heldur ekki nokkur vafi á því, að þessir erfiðleikar á að lýsa lífinu eftir dauðann, sem hinir framliðnu eru svo oft að kvarta um, spretta langmest af vanþekkingu þeirra, sem verið er að reyna að fræða. Hugsum oss hvað það mundi vera erfitt að segja þeim frá sjóferð, sem væri óbifanlega sannfærður um að það væri verið að segja frá landferð. Og þó er hér um ennþá meiri mun að ræða. Mun á þessu verða mikil breyting þegar menn fara að vilja þiggja mína hjálps, og eftir nokkur ár mun verða vitað meira um lífið á öðrum stjörnum, og þar með um lífið eftir dauðann, heldur en fyrir fáeinum mannsöldrum var í Norðurálfunni vitað um lífið sumstaðar í Suðurálfu.

VII

Afarfróðlegt er að veita því eftirtekt, hvernig nokkur óþolinmæði kemur fram hjá Jóhannesi yfir því, að honum tekst ekki að fá skrifaað það sem hann er að reyna til að fræða um. Blekktu ekki sjálfan þig í þessu máli, segir hann við Bradley. Og síðan segir hann honum, að hann muni lifa á hverri stjörnunni eftir aðra. Er það til mikils hróss fyrir Bradley, að takast skyldi að koma þessu fram, því að þetta er höfuðfróðleikur. En þó kann Bradley ekki að meta þetta betur en svo, að hann biður Jóhannes að segja sér (s. 282), hvort líf sé á öðrum stjörnum og mannabyggð. Það er eftirtektarvert, hvernig Jóhannes svarar. Vist veistu, segir hann, að það eru til aðrar stjörnur eins og þessi. Á þessari jörð fer lífið einn kafla af leið sinni, á öðrum jörðum aðra kafla. Síðan minnir hann Bradley á það, sem hann hefir sagt honum áður, að hann muni, eftir dauðann, lifa áfram á

blárrí stjörnu, en vandar um við hann blíðlega, alveg eins og góður kennari sem verður dálítið óþolinmóður, þegar hann finnur, að eitthvað er ekki vitað, sem er mjög áríðandi og hann hafði gert sér mikið far um að kenna: I have told you my child, segir hann, ég hefi sagt þér (þetta) barnið mitt.

VIII

Bókin Towards the Stars, er eitthvert merkilegasta tákni tímanns, sem mér er kunnugt um. Hún sýnir, að þó að langt muni þykja sumum, sem mjög eru þreyttir orðnir, þá er sigurinn í nánd. Bráðum fer að verða ómögulegt að komast hjá því að skilja það, að samband við framliðna er sama sem samband við menn á öðrum stjörnum. Nú er vandin ekki orðinn annar en sá, að fá þá, sem slíkar rannsóknir stunda, til þess að láta sér koma í hug, hvort þetta gæti nú ekki verið þannig, og haga rannsóknum eftir því. Og að vísu veit ég þó, að sá vandi er ekkert líttill. Það eru ramar taugar, sem hleypidómunum mætti líkja við, svo að nálega gæti komið til hugar fjöturinn Gleipnir, sem Fenrisúlfur fékk ekki slitið. En samt er nú sigurinn nálaegt. Jafnvel þó að menn vildu meta það einskis, að maður sem hefir varið mestum hluta ævi sinnar einmitt til þess að búa sig undir að geta dæmt um, hvað sé sannleikur, segist vita það með fullri vissu, að framhald lífsins er á öðrum stjörnum, þá mun hver greindur og menntaður maður sjá, að það er í meira lagi óvænlegt til fróðleiks, að gefa alls engan gaum að þeirri kenningu, sem vitrustu menn hinnar grísku og rómversku fornaldar trúðu á í framundir 1000 ár, og undir lok leið í heimskumyrkri miðaldanna, en ekki fyrir þá sök, að betri upplýsing kæmi til. Og svo vel er á veg komið, að ég býst jafnvel við tíðindum í þessu máli, áður en aftur haustar. Og það er óhætt að segja það fyrir, að það verður mikil gleði á himnum, — svo að ég komist þannig að orði, sem ég vona að menn misskilji nú ekki — þegar loksins tekst að koma jörðu vorri í hið mikla bandalag stjarnanna, eða nákvæmar sagt, lífsins á hinum ýmsu stjörnum. Og þegar í það samband er komið, þá mun oss fara meira fram í þekkingu og yfírráðum yfir öflum

